



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um flutning á heimastöð Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts í Fellaskóla

Lagt er til að flytja heimastöð Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts (SÁB) úr Breiðholtsskóla í Fellaskóla í samræmi við niðurstöður starfshóps um heimastöð Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts frá og með skólaárinu 2023-2024. Sviðsstjóra er falið að koma nauðsynlegum framkvæmdum á kjallara Fellaskóla í frekari vinnslu og kostnaðargreiningu hjá þeim aðilum sem nú vinna að undirbúningi fyrirhugaðra framkvæmda í kjallara Fellaskóla.

Greinargerð:

Þann 31. ágúst 2022 skipaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs starfshóp til að kanna kosti og galla þess að flytja heimastöð skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts úr Breiðholtsskóla í Fellaskóla til frambúðar. Starfshópurinn skilaði lokaskýrslu í júní 2023 þar sem það var samhljóða niðurstaða að leggja til að flytja heimastöð SÁB í Fellaskóla til frambúðar en sveitin hefur haft tímabundna æfingaaðstöðu í skólanum veturinn 2022-2023. Í Fellaskóla er nú þegar mikil samnýting með annarri tónlistartengdri starfsemi í hverfinu. Ber þar helst að nefna samstarfið við Tónskóla Sigursveins. Þá er tónlist og tónlistariðkun nemenda ein af megin áherslum í starfi skólans og nemendum í skólahljómsveitinni úr röðum nemenda Fellaskóla hefur fjölgað verulega á liðnum misserum. Ljóst er að mikil tækifæri felast í góðri hljómsveitaræfingaaðstöðu og fullbúnum hljóðfærakennslustofum fyrir ýmsa tónlistarstarfssemi m.a. fyrir nemendur skólans. Það felast að mati starfshópsins mikil tækifæri í að gera Fellaskóla að tónlistarmiðju í Breiðholti til framtíðar.